

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands 1964.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1.	Bjargráðasjóðsgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga	kr. 2 042 935.00
2.	Vaxtatekjur:	
	a. Af óþurrkalanum	kr. 80 934.00
	b. — innstæðum séreignasjóðs	— 583 461.58
	c. — innstæðum sameignarsjóðs	— 163 730.59
	d. — skuldabréfum	— 678 533.31
	e. — hlaupareikningi	— 5 620.16
		— 1 512 279.64
3.	Húsaleigutekjur	— 93 750.00
4.	Lántöku- og stimpilgjöld	— 11 595.00

Kr. 3 660 559.64

Gjöld:

1.	Kostnaðarreikningur	kr. 529 303.15
2.	Eftirgefin lán:	
	a. 20% eftirgjafir óþl. 1955	kr. 54 440.00
	b. Eftirgefin A-lán	— 2 000.00
		— 56 440.00
3.	Eftirgefnir vextir af óþl. 1955	— 43 477.50
4.	Endurgreiddir vextir af óþl. 1955	— 3 840.00
5.	Styrkir	— 160 000.00
6.	Viðhald fasteignar	— 31 479.26
7.	Afskriftarreikningur	— 30 976.71
8.	Lífeyrissjóðsreikningur	— 4 174.20
9.	Tekjuafgangur	— 2 800 868.82

Kr. 3 660 559.64

Efnahagsreikningur.

Eignir:

1.	Séreignasjóður sveitarfélaga:	
	a. Innstæða frá fyrra ári	kr. 7 197 041.62
	b. Viðbót á árinu	— 1 139 929.08
		kr. 8 336 970.70
2.	Sameignarsjóður:	
	a. Fasteignarreikningur	kr. 210 371.80
	b. Innbú og lausafé	— 278 790.41
	c. Skuldabréfaeign	— 14 012 529.71
	d. Bankainnstæður	— 2 861 269.25
	e. Hlaupareikningur	— 80 242.40
	f. Sjóðsreikningur	— 33 017.49
	g. Ógreiddir vextir í árslok	— 242 111.80
	h. Sjóðsmismunur frá 1961	— 3 046.00
		— 17 721 378.86

Kr. 26 058 349.56

Skuldir:

1. Skuldabréf rikissjóðs	kr.	500 000.00
2. Geymslufjárreikningur	—	6 333.34
3. Lán vegna húseignarinnar Laugavegur 105 hf.	—	13 518.01
4. Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1964	—	22 737 629.39
5. Rekstrarhagnaður	—	2 800 868.82

 Kr. 26 058 349.56

Reykjavík, í janúar 1965.

Nr. 21.

6. febrúar 1965.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 9. desember 1964, um breytingu á reglugerð nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:
 Á vetrarvertíð 1965 er ekki skylt að slægja um borð í fiskiskipum fisk, veiddan í nótt, hafi veiðiför tekið skemmri tíma en 24 klst. og fiskkaupandi getur að dómi ferskfiskeftirlitsins komið fiskinum óskemmdum í geymslu.

Hafi fiskur, sem veiddur er í nótt, eigi verið slægður, sbr. 1. mgr., ber engu að síður að ísa hann nægilega og ganga vel frá honum í lest.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1965.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 22.

9. febrúar 1965.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Fasteignaskatt í Kelduneshreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, nr. 108 16. ágúst 1962.

Félagsráðuneytið, 9. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.